



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



## Átak í fráveituframkvæmdum

Þann 30. mars síðastliðinn var samþykkt á Alþingi þingsályktun um sérstakt tímabundið fjárfestingaáttak til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Í því fólst m.a. að varið verður 200 milljónum króna á árinu í uppbyggingu í fráveitumálum hjá sveitarfélögum og veitufyrirtækjum. Nú er svo í þinglegri meðferð frumvarp til breytinga á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sem felur í sér að á árunum 2020–2030 verði veitt framlag úr ríkissjóði sem nemur hlutdeild í kostnaði við fráveituframkvæmdir á vegum fráveitna sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Sambandið og Samorka hafa lengi kallað eftir því að aftur væri komið á ríkisþáttöku í kostnaði vegna fráveituframkvæmda, en eins og þekkt er náðist mikill árangur í uppbyggingu fráveitumannvirkja þegar að slíkt kerfi var við lýði áður, á grundvelli laga nr. 53/1995.

Meginmarkmið frumvarpsins er að styrkja fráveituframkvæmdir á vegum fráveitna sveitarfélaga til þess að uppfylla lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna, lög um stjórn vatnamála og reglugerð um fráveitur og skólp. Í dag eru 79% íbúa landsins tengdir við skólphreinsistöðvar og er markmið þessa átaksverkefnis að ná því hlutfalli sem næst 100%. Samtökin fagna því frumvarpinu og hvetja til þess að sveitarfélög/veitufyrirtæki nýti sér þennan stuðning á næstu árum.

Staða málsins er að lagafrumvarpið er til umfjöllunar í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, sem hefur óskað eftir umsögnum um það. Í framhaldi af afgreiðslu frumvarpsins mun umhverfis- og auðlindaráðuneytið gefa út reglugerð sem tekur nánar á fyrirkomulagi við úthlutun styrkja. Jafnframt mun Umhverfisstofnun á næstunni senda öllum sveitarfélögum/fráveitum fyrirspurn um fyrirhugaðar framkvæmdir í fráveitumálum á næstu árum. Sveitarstjórnir og veitufyrirtæki eru hvött til þess að þessu erindi verði svarað innan veitts frests. Einnig er hvatt til þess að sveitarstjórnir ræði, t.d. í tengslum við undirbúning næstu fjárhagsáætlunar, um mögulega tímasetningu og fjármögnun framkvæmda við fráveitukerfi. Framkvæmdir þurfa að raðast innan 10 ára tímabilsins og til að tryggja sem besta framkvæmd er mikilvægt að áætlanir séu raunhæfar m.t.t. framkvæmdahraða og fjármögnunar.

Málið er enn í ferli og ef upp koma e-ær spurningar hvetjum við ykkur til að vera í sambandi við fulltrúa Sambandsins eða Samorku til að ræða málið (í [gudjon.bragason@samband.is](mailto:gudjon.bragason@samband.is) / [sigurjon@samorka.is](mailto:sigurjon@samorka.is)).

Reykjavík 2. júní 2020

f.h Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri

f.h Samorku

Páll Erland, framkvæmdastjóri.